

**Vímuefnaneysla íslenskra unglinga
í alþjóðlegum samanburði
1995—2007**

**Þóroddur Bjarnason
Háskólanum á Akureyri**

Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri



ISBN 978-9979-834-72-4

Útgefið á Akureyri 26. mars 2009

© Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri

Sólborg við Norðurslóð, 600 Akureyri

+354 460 8652 espad@unak.is

Rafræn útgáfa: www.espad.is

Inngangur

Reglubundnar kannanir á útbreiðslu reykinga, áfengisneyslu og ólöglegar vímuefnaneyslu meðal unglunga hófust víða á Vesturlöndum á áttunda áratugnum. Þar má til dæmis nefna rannsóknaverkefnið *Skolelevers drogvanor* sem hófst í Svíþjóð árið 1971 (Hvitfeldt og Nyström, 2008) og *Monitoring the Future* sem hófst í Bandaríkjunum árið 1975 (Johnston, 2003). Um miðjan níunda áratuginn lagði Evrópuráðið grunn að alþjóðlegum samanburði á þessu sviði með aðferðafræðilegri samanburðarrannsókn á vímuefnaneyslu unglunga í sex löndum í Evrópu og Norður-Ameríku (Johnston, Driessen og Kokkevi, 1994).

Árið 1995 tóku 26 lönd þátt í fyrstu umferð samanburðarrannsóknarinnar *European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs* (ESPAD). Frá þeim tíma hefur ESPAD rannsóknin farið fram á fjögurra ára fresti með þátttöku sívaxandi fjölda Evrópulanda. Fjórða umferð ESPAD fór fram árið 2007 og voru þátttökulöndin þá 35, auk þess sem fimm ný þátttökulönd lögðu ESPAD listann fyrir árið 2008 (Hibell et al., 2009). Hér er um að ræða langstærsta rannsóknarverkefni samtímans á vímuefnaneyslu og öðrum þáttum í lífi unglunga hvað varðar fjölda landa sem taka þátt, fjölda nemenda í hverri umferð og lengd þess tímabils sem verkefnið nær til. Ýmsar lykilmælingar ESPAD eru jafnframt sambærilegar við bandarísku rannsóknina *Monitoring the Future* (Johnston, 2003) og SIDUC verkefnið í Mið- og Suður-Ameríku (Hasbun, 2003).

ESPAD verkefnið er unnið að tilstuðlan Evrópuráðsins (Pompidou Group, 2009) og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefni (EMCDDA, 2009). Hin alþjóðlega verkefnisstjórn ESPAD sem staðsett er við CAN-stofnunina í Stokkhólmi (CAN, 2009) hefur jafnframt notið styrkja frá sænska ríkinu. Alþjóðlegur gagnabanki ESPAD verkefnisins er starfræktur á vegum Rannsóknaseturs forvarna við Háskólann á Akureyri í samstarfi við alþjóðlegu verkefnisstjórnina í Stokkhólmi. Gagnabankinn geymir upplýsingar um breytingar á vímuefnaneyslu evrópskra unglunga frá 1995 til 2007 og þá þætti sem skýrt geta mun á þróun mála milli einstakra landa og svæða innan Evrópu.

Vísindalegt og hagnýtt gildi ESPAD rannsóknarinnar

Niðurstöður ESPAD rannsóknarinnar veita ítarlegar upplýsingar um breytingar á viðhorfum, þekkingu og neyslu unglunga á einstökum tegundum vímuefna á tímabilinu 1995–2007. Þannig er til dæmis fylgst með þeim aldri þegar unglingar reykja fyrstu sigarettuna og drekka fyrsta áfengissopann, breytingum á tíðni og magni áfengisneyslu, hlutdeild bjórs, léttvíns, sterks áfengis og áfengra gosdrykkja í unglingadrykkju og neyslu unglunga á áfengi sem keypt er í áfengisverslunum, smyglað til landsins eða bruggað í heimahúsum. Þá er fylgst með öllum helstu tegundum ólöglegra vímuefna, þar með töldum þeim sem hafa verið að ryðja sér til rúms annars staðar í heiminum en hafa ekki náð fótfestu á Íslandi svo vitað sé. Jafnframt eru vandamál vegna vímuefnaneyslu metin og fylgst með breytingum á viðhorfum unglunga til mismunandi vímuefna.

ESPAD verkefnið beitir einnig alþjóðlega viðurkenndum mælingum á þáttum á borð við fjölskylduáðstæður, uppruna, búsetu, félagslega og efnahagslega stöðu, andlega líðan, tengsl við vini og fjölskyldu, lífsstíl og framtíðaráform auk þess sem hvert þátttökuland getur valið að skoða aðra þætti. Þessar mælingar gefa kost á margvíslegum rannsóknum á orsökum og afleiðingum vímuefnaneyslu unglunga í einstökum löndum sem og í Evrópu í heild. Þar sem gögnin spanna tólf ára tímabil gefa þau jafnframt kost á rannsóknum á breytingum á eðli vímuefnaneyslu unglunga yfir tíma og þeim þáttum sem skýrt geta slíkar breytingar. Um hundrað fræðimenn víðsvegar um Evrópu vinna að úrvinnslu þessara gagna og hafa ýmsar mikilvægar niðurstöður á grundvelli þeirra birst í helstu fræðitímaritum á þessu sviði. Einnig hafa verið gefnar út ítarlegar skýrslur um niðurstöður ESPAD fyrirlagnanna 1995, 1999,

2003 og 2007 (Hibell et al., 1997, 2000, 2004, 2009). Þessar skýrslur og yfirlit um alþjóðlegar vísindagreinar sem byggja á gagnabanka ESPAD er að finna á heimasíðu verkefnisins (ESPAD, 2009a).

Reglubundnar mælingar ESPAD rannsóknarinnar veita jafnframt mikilvægar upplýsingar fyrir skipulagt forvarnarstarf (sjá t.d. Muscat o.fl., 2007). Vímuefnaneysla unglunga fylgir alþjóðlegum straumum og neysla einstakra vímuefna virðist aukast og minnka með reglubundnum hætti á Vesturlöndum. Þannig gæti til dæmis minniháttar aukning á vímuefnaneyslu bent til ákveðins varnarsigurs ef slík neysla eykst mun meira annars staðar. Á hinn bóginn gæti slakur árangur í forvörnum jafnvel leitt til minniháttar samdráttar á vímuefnaneyslu á tímabili þegar vímuefnaneysla minnkaði hröðum skrefum á Vesturlöndum. Afar erfitt er að meta árangur forvarnarstarfs án þess að skoða slíkar breytingar í alþjóðlegu samhengi og því hafa niðurstöður ESPAD verkefnisins legið forvarnastarfi víðast hvar í Evrópu til grundvallar. Á Íslandi hafa niðurstöður ESPAD meðal annars verið nýttar með margvíslegum hætti í starfi Lýðheilsustöðvar jafnframt því sem heilsustefna heilbrigðisráðuneytisins (2008) gerir ráð fyrir því að niðurstöður ESPAD verði notaðar við mat á árangri aðgerðaráætlunar til eflingar andlegri, líkamlegri og félagslegri líðan nemenda á grunnskólaaldri.

Þátttaka Íslands í ESPAD rannsókninni hefur margþætt gildi fyrir íslenskt rannsókn- og forvarnastarf. Sá mikli fjöldi fræðimanna sem nú vinnur að samanburðarrannsóknum á vímuefnaneyslu og öðrum þáttum í lífsháttum barna og unglunga nýtir íslensk gögn í gagnabanka ESPAD og Ísland er því órjúfanlegur hluti þeirrar myndar sem dregin er upp af unglungum á Vesturlöndum. Íslenskum fræðimönnum og öðrum fræðimönnum sem sérstakan áhuga hafa á Íslandi eða Norðurlöndunum gefst jafnframt tækifæri til að meta að hvaða marki Ísland hefur sérstöðu á Vesturlöndum hvað mynstur vímuefnaneyslu varðar. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að því hefur verið haldið fram að forvarnastarf á Íslandi hafi skilað meiri árangri en það starf sem unnið hefur verið í flestum öðrum löndum (Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2008). Gögnin eru aðgengileg íslenskum fræðimönnum og háskólanemum á grunn- og framhaldsstigi og þeir fræðimenn sem standa að verkefninu bjóða stuðning við meðhöndlun og úrvinnslu gagna eftir því sem þörf krefur. Fræðilegar niðurstöður rannsóknarinnar birtast í ritrýndum vísindatímaritum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og í lokaverkefnum háskólanema. Þá er lögð sérstök áhersla á að kynna niðurstöður ESPAD rannsóknarinnar fyrir íslenskum almenningi, skólafólki, forvarna- og meðferðaraðilum og stefnumótendum á sviði forvarna með fjölmiðlakynningum, fyrirlestrum, greinaskrifum og ráðgjöf þegar eftir því er leitað.

Framkvæmd ESPAD á Íslandi

Á Íslandi er ESPAD rannsóknin unnin á vegum Rannsóknaseturs forvarna við Háskólann á Akureyri en Þóroddur Bjarnason prófessor í félagsfræði hefur stýrt íslenskum hluta ESPAD verkefnisins frá upphafi. Á síðustu fimmtán árum hafa margir tugir sérfræðinga og háskólanema við íslenska háskóla tekið virkan þátt í ESPAD á Íslandi og hefur verkefnið meðal annars notið styrkja frá Áfengis- og vímuefnaráði (1993–2003), Lýðheilsustöð (2004–2006) og Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri (2006). Rannsóknasjóður (2005–2007) styrkti jafnframt sérstaka rannsókn á áfengisneyslu íslenskra unglunga og afleiðingum hennar í tengslum við ESPAD verkefnið (Rannís #50670021).

Rannsóknateymi ESPAD á Íslandi skipa nú Andrea Hjalmsdóttir, Ársæll Már Arnarsson, Atli Hafþórsson, Guðríður Ólafsdóttir, Kjartan Ólafsson, Rúnar Vilhjálmsson, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Trausti Þorsteinsson og Tryggvi Hallgrímsson. Verkefnið er fjármagnað af Háskólanum á Akureyri, Forvarnasjóði og Háskólasjóði KEA.

ESPAD verkefnið byggir á skýrt skilgreindum verkferlum sem fylgja þarf til hins ítrasta (Hibell og Guttormsson, 2007). Spurningalisti verkefnisins byggir á þremur tegundum spurninga. Í fyrsta lagi eru tilgreindar ákveðnar grunnspurningar sem öll þátttökulönd verða að hafa í spurningalistum sínum. Í öðru lagi er nokkur fjöldi valspurninga sem gefur einstökum löndum kost á því að kafa dýpra í tiltekna þætti og bera niðurstöðurnar saman við önnur lönd sem hafa valið sömu spurningar. Þessar valspurningar eru flokkaðar saman í pakka og er almennt ætlast til þess að allar spurningar innan sama pakka séu teknar með. Í þriðja lagi gefst hverju landi fyrir sig færi á því að bæta við spurningum um efni sem sérstöku máli skipta fyrir innlendar aðstæður. Þetta er þó háð því að alþjóðlega verkefnisstjórnin samþykki innihald, form og fjölda slíkra spurninga. Spurningalistarnir eru þýddir á ensku og bornir saman við hina upphaflegu ensku frumgerð spurningana. Spurningalistarnir eru forprófaðir í blönduðum hópi unglinga áður en gengið er frá endanlegri útgáfu þeirra.

Fyrirlögn ESPAD er á tímabilinu febrúar–apríl og er þýðið skilgreint sem þeir nemendur sem verða sextán ára á því almanaksári sem rannsóknin fer fram. Þannig voru spurningalistar ESPAD 2007 til dæmis lagðir fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla sem fæddir voru árið 1991. Stefnt er að því að spurningalistarnir séu lagðir fyrir alla nemendur í þeim bekkjum sem valdir eru en foreldrum og nemendum gefst vitaskuld kostur á því að afpakka slíka þátttöku. Rannsóknin byggir á nánu samstarfi við skólana og í flestum löndum sjá kennarar um fyrirlögn spurningalistanna. Í ákveðnum tilvikum sjá rannsakendur þó um meðhöndlun og fyrirlögn spurningalistanna. Sýnt hefur verið fram á að það hefur ekki áhrif á svörun hvort kennarar eða rannsóknarmenn sjá um fyrirlögn að því gefnu að nemendur geti innsiglað lista sína í trúnaðarumslög að útfyllingu lokinni (Þóroddur Bjarnason, 1995). Að lokinni fyrirlögn eru spurningalistarnir skoðaðir og þeir listar sem augljóslega eru útfylltir í fíflagangi eru lagðir til hliðar. Innan við 1% spurningalista einstakra landa eru yfirleitt ónothæfir af þessum sökum og hefur það hlutfall verið um 0,5% í íslenska hluta ESPAD verkefnisins. Spurningalistarnir eru síðan skannaðir og gengið frá hinum rafrænu gögnum í gagnagrunni. Gögnin eru hreinsuð samkvæmt stöðlum verkefnanna og teljast þá tilbúin til úrvinnslu.

Rannsóknaráætlun alþjóðlega ESPAD verkefnisins gerir ráð fyrir því að hið minnsta séu 2.400 nemendur í úrtaki hvers lands (Hibell og Guttormsson, 2007). Þar sem aðeins eru ríflega 4.000 nemendur í hverjum árgangi á Íslandi hefur frá upphafi sú leið verið farin hér á landi að allir nemendur í 10. bekk taki þátt í ESPAD rannsókninni. Slíku þýðisúrtaki er einnig beitt í ýmsum öðrum minni Evrópulöndum, svo sem Færeyjum, Kýpur, Mónakó, Möltu og Mön. Ýmsir aðferðafræðilegir kostir fylgja úrtökum af þessu tagi og er til dæmis hægt að skoða áhrif skólaumhverfisins á einstaka nemendur með mikilli nákvæmni þegar nær allir nemendur í tilteknum árgangi eru í gagnasafninu.

Samstarf við skólastjórnendur og kennara um fyrirlögn ESPAD rannsóknarinnar á Íslandi hefur verið mjög gott allt frá árinu 1995. Nær allir skólar með 10. bekk hafa tekið þátt í ESPAD rannsókninni frá upphafi en að jafnaði hafa 2–3 skólar ekki séð sér fært að taka þátt í hverri umferð. Af öllum skráðum nemendum í 10. bekk samkvæmt Hagstofu Íslands (2009) á tilteknum árum tóku 87% þátt í ESPAD 1995, 89% í ESPAD 1999, 82% í ESPAD 2003 og 81% tók þátt í ESPAD 2007. Næsta umferð ESPAD er fyrirhuguð árið 2011 og stendur undirbúningur hennar nú yfir.

Nánari upplýsingar um ESPAD á Íslandi er að finna á vefsíðu íslenska verkefnisins (ESPAD, 2009b). Jafnframt veita starfsmenn Rannsóknaseturs forvarna við Háskólann á Akureyri allar frekari upplýsingar um framgang verkefnisins og halda kynningar á helstu niðurstöðum ESPAD rannsóknarinnar án endurgjalds fyrir skóla, sveitarfélög, opinbera aðila og félagasamtök sem þess óska.


Yfirlit um vímuefnaneyslu íslenskra unglinga

Vímuefnaneysla 15—16 ára unglinga á Íslandi er umtalsvert undir meðaltali slíkrar neyslu í Evrópu. Íslenskir unglingar eru ólíklegri en evrópskir unglingar að meðaltali til að hafa drukkið áfengi, reykt sigarettur, notað kannabisefni og til þess að hafa sniffað lím eða önnur slík efni. Íslenskir unglingar eru jafnframt mun líklegri en unglingar í nokkru öðru Evrópu-landi til þess að hafa aldrei notað nein ávana- eða vímuefni. Hins vegar eru þeir álíka líklegir og unglingar annars staðar til að nota róandi lyf án lyfseðils til að komast í vimu.


Eins og sjá má af mynd 1 höfðu 56% íslenskra unglinga drukkið áfengi síðastliðna tólf mánuði áður en könnunin var lögð fyrir. Á sama tíma höfðu að meðaltali 82% unglinga í Evrópu drukkið áfengi. Með sama hætti höfðu 66% prósent íslenskra unglinga drukkið áfengi um ævina en að meðaltali 89% evrópskra unglinga. Aðgengi íslenskra unglinga virðist einnig vera nokkuð minna en jafnaldra þeirra í Evrópu. Þannig töldu til dæmis 70% íslenskra unglinga að frekar eða mjög auðvelt væri að verða sér úti um bjór samanborið við 78% unglinga í Evrópu í heild.

Þá má sjá af mynd 1 að 16% unglinganna höfðu reykt sigarettur síðustu 30 daga en meðaltal evrópskra unglinga var 29%. Með sama hætti sögðust 10% íslenskra unglinga reykja daglega samanborið 18% í Evrópu. Um 61% íslenskra unglinga töldu að frekar eða mjög auðvelt væri að útvega sér sigarettur ef þau hefðu áhuga á slíku, samanborið við 72% að meðaltali í Evrópu. Lítill munur er á reykingum stráka og stelpna á Íslandi en 15% stráka og 18% stelpna höfðu reykt síðustu 30 daga.

Neysla íslenskra unglinga á hassi og öðrum kannabisefnum er einnig minni en að meðaltali í Evrópu. Um 9% íslenskra unglinga höfðu notað kannabisefni um ævina samanborið við 19% í Evrópu. Með sama hætti höfðu aðeins 3% íslenskra unglinga notað kannabisefni á síðustu 30 dögum samanborið við 7% í Evrópu í heild. Um 23% íslenskra unglinga telja þó



Mynd 1
Yfirlit um vímuefnaneyslu íslenskra unglinga
í samanburði við önnur Evrópulönd, 2007



Mynd 2
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu sem höfðu
aldrei prófað sigarettur, áfengi eða ólögleg vímuefni, 2007

að frekar eða mjög auðvelt yrði að útvega sér hass ef þau hefðu áhuga á slíku samanborið við 33% evrópskra unglunga.

Athygli vekur að mun færri íslenskir unglingar höfðu sniffað lím eða önnur slík sniffeefni árið 2007 en í fyrri umferðum ESPAD verkefnisins. Þannig höfðu 12% unglunga sniffað slík efni árið 2003 en aðeins 4% árið 2007. Á sama tíma breyttist hlutfall slíkrar neyslu lítið meðal evrópskra unglunga að meðaltali. Árið 2007 hafði 9% evrópskra unglunga sniffað slík efni en hlutfallið var 11% árið 2003.

Þegar kemur að notkun íslenskra unglunga á lyfseðilsskyldum róandi lyfjum án lyfseðils eru íslenskir unglingar hins vegar nálægt hinu evrópska meðaltali. Um 7% unglunga á Íslandi sögðust hafa notað slík lyf til þess að komast í vímu samanborðið við 6% í Evrópu að meðaltali. Þetta hlutfall hefur tiltölulega lítið breyst á Íslandi á síðustu tólf árum en það var 9% árið 1995, 10% árið 1999 og 8% árið 2003.

Mikill meirihluti unglunga í Evrópu hafði notað einhver lögleg eða ólögleg ávana- eða vímuefni um ævina. Að meðaltali sögðust aðeins 8% þeirra aldrei hafa prófað sigarettur, áfengi og önnur vímuefni. Lægst var þetta hlutfall í Lettlandi og Tékklandi þar sem aðeins 2% nemenda hafði engin efni notað um ævina. Hlutfallið var langhæst á Íslandi þar sem 31% unglunga hafði aldrei prófað nein slík efni um ævina. Næsthæst var hlutfallið 19% í Noregi og Svíþjóð var í þriðja sæti þar sem 16% nemenda hafði engin efni notað.


Hátt hlutfall íslenskra unglunga sem engin efni hafa prófað um ævina vekur talsverða athygli. Í fyrstu umferð ESPAD rannsóknarinnar árið 1995 var þetta hlutfall 17% á Íslandi samanborið við 7% í Evrópu að meðaltali. Í annarri umferðinni árið 1999 var hlutfallið 18% og 23% í þriðju umferðinni árið 2003. Til samanburðar var meðaltal evrópskra unglunga 7% árið 1999 og 6% árið 2003. Því virðist sem munur íslenskra unglunga og þeirra sem búa annars staðar í Evrópu hafi að þessu leyti aukist umtalsvert á síðustu árum.

Reykingar íslenskra unglunga

Reykingar íslenskra unglunga eru með því minnsta sem gerist í Evrópu. Hlutfall íslenskra unglunga sem reykt höfðu síðustu þrjátíu daga er hins vegar svipað því sem fram hefur komið í rannsóknum á sama aldurshópi í Bandaríkjunum. Líkt og í Bandaríkjunum og flestum löndum Evrópu er óverulegur munur á reykingum íslenskra stráka og stelpna. Reykingar unglunga í Evrópu minnkuðu almennt milli 2003 og 2007 og virðist Ísland þar vera á svipuðu róli og þorri annarra Evrópulanda. Sé litið til lengri tíma virðist Ísland einkum skera sig úr hópi annarra Norðurlanda hvað varðar umtalsverða minnkun reykinga milli 1995 og 1999. Á síðari árum hafa minnkandi reykingar íslenskra unglunga hins vegar fylgt svipuðu mynstri og meðal unglunga á Norðurlöndunum og að nokkru leyti meðal unglunga í öðrum Evrópulöndum. Aðrar mælingar á reykingum evrópskra unglunga er að finna í viðamikilli skýrslu ESPAD 2007 (Hibell o.fl., 2009).


Á myndum 3 og 4 má sjá að lægstu tíðni reykinga síðustu þrjátíu daga meðal 15–16 ára unglunga er einkum að finna í útjaðri Evrópu. Lægst er tíðnin 7% í Armeníu, 16% á Íslandi og 19% í Noregi og Portúgal. Í Svíþjóð, Grikklandi og Kýpur er tíðnin á bilinu 20–24% en svo lága tíðni er raunar jafnframt að finna í Belgíu, Bretlandi, Írlandi og Póllandi. Til samanburðar höfðu 14% bandarískra unglunga á sama aldri reykt sigarettur síðastliðna þrjátíu daga samkvæmt niðurstöðum *Monitoring the Future* rannsóknarinnar.

Sjö af þeim átta löndum þar sem reykingar unglunga eru útbreiddastar eru í Mið- og Austur-Evrópu. Hæst er tíðni reykinga í Austurríki, Tékklandi, Lettlandi og Búlgaríu þar sem 40% eða fleiri höfðu reykt sigarettur síðustu þrjátíu daga. Tíðni á bilinu 35–39% er jafnframt að finna í Rússlandi, Slóvakíu, Króatíu og á Ítalíu. Í öðrum Evrópulöndum er tíðni reykinga síðustu þrjátíu daga á bilinu 25–34%.



Mynd 3
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu reykt sigarettur síðastliðna 30 daga, 2007


Að meðaltali er hverfandi kynjamunur á reykingum meðal evrópskra unglinga. Árið 2007 sögðust að meðaltali 28% stráka og 29% stelpna í Evrópu hafa reykt sígarettur síðustu þrjátíu daga. Hins vegar er umtalsverður munur milli einstakra landa hvað slíkan kynjamun varðar. Ísland er meðal tuttugu Evrópulanda þar sem kynjamunur er innan við fimm prósentustig. Stelpur eru 5–9 prósentustigum líklegri en strákar til að hafa reykt síðustu þrjátíu daga í Tékklandi, Búlgaríu, Ítalíu, Hollandi, Spáni, Mónakó, Bretlandi og Mön. Strákar eru hins vegar 5–16 prósentustigum líklegri en stelpur til að hafa reykt síðustu þrjátíu daga í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Rússlandi, Úkraínu, Kýpur og í Armeníu. Umtalsvert hærri reykingar stráka virðast því annars vegar einkenna lönd þar sem Rússar eru fjölmennir og hins vegar lönd syðst á mörkum Evrópu og Asíu. Athygli vekur að sérlega góð staða Armenínu skýrist af því aðeins 1% armenskra stelpna höfðu reykt sígarettur síðustu þrjátíu daga.




Mynd 4
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu reykt sígarettur síðastliðna 30 daga, 2007

Mynd 5 sýnir breytingar á hlutfalli unglunga sem höfðu reykt sígarettur síðastliðna þrjátíu daga milli ára 2003 og 2007. Hlutfall ársins 2003 er sýnt á lárétta ás grafsins en hlutfall ársins 2007 á lóðrétta ásnum. Brotalínan skáhallt á milli ársanna sýnir því óbreytt hlutfall milli ára 2003 og 2007. Lönd sem eru neðan við brotalínuna eru þar af leiðandi þau lönd þar sem neysla hefur minnkað milli þessara tveggja umferða ESPAD en löndin ofan við brotalínuna eru þau lönd þar sem neyslan hefur aukist. Lönd þar sem neyslan hefur minnkað umtalsvert eru auðkennd með grænum lit en lönd þar sem neyslan hefði aukist umtalsvert væru auðkennd með rauðum lit ef þeim væri til að dreifa. Þau lönd þar sem breytingin er óveruleg eru sýnd með gulum lit.

Eins og sjá má á mynd 5 hafa reykingar síðustu þrjátíu daga hvergi aukist umtalsvert. Í rúmlega þriðjung þeirra landa sem tóku bæði þátt í ESPAD 2003 og ESPAD 2007 er breytingin óveruleg en í tæplega tveimur þriðju landanna dregur umtalsvert úr reykingum milli ára. Svo virðist sem breytingin í prósentustigum sé óháð því hvort um sé að ræða lönd



Mynd 5
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu reykt sígarettur síðastliðna 30 daga, 2003–2007



Mynd 6
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára nemenda á Norðurlöndunum
sem höfðu reykt sigarettur síðastliðna 30 daga, 1995–2007

Þar sem reykingar eru algengar eða fátíðar. Af þessum löndum voru reykingar fátíðastar á Íslandi bæði árið 2003 og árið 2007. Samdráttur í reykingum íslenskra unglinga á þessu fjögurra ára tímabili í prósentustigum er hins vegar svipaður því sem fram kemur í meirihluta annarra Evrópulanda.

Mynd 6 sýnir nánar þær breytingar sem orðið hafa á reykingum íslenskra unglinga á síðustu tólf árum í samanburði við þróun mála á Norðurlöndunum og meðaltal þeirra tuttugu landa sem tekið hafa þátt í ESPAD rannsókninni frá upphafi. Frá 1995 til 1999 minnkuðu reykingar á Íslandi og í Færeyjum, stóðu í stað í Svíþjóð en jukust í Danmörku, Noregi og Finnlandi. Reykingar jukust jafnframt að meðaltali í Evrópu á sama tíma. Frá 1999 til 2003 dró hins vegar umtalsvert úr reykingum á öllum Norðurlöndunum nema Færeyjum og reykingar minnkuðu jafnframt lítilsháttar í Evrópu að meðaltali. Frá 2003 til 2007 dró enn úr reykingum á Norðurlöndunum og í Evrópu. Hugsanlegt er að reykingar hafi aukist í Danmörku en vegna aðferðafræðilegra vandamála í dönsku rannsókninni árið 2007 er ekki hægt að slá því föstu (sjá Hibell o.fl., 2009).


Af þessum samanburði má sjá að Ísland sker sig einkum úr hópi hinna Norðurlandanna hvað varðar minnkandi reykingar milli rannsókna 1995 og 1999. Samdráttur í reykingum íslenskra unglinga frá 1999 til 2007 var svipaður og í Finnlandi, nokkru meiri en í Svíþjóð en talsvert minni en samdrátturinn í Noregi. Því virðist sem sérstaða íslenskra unglinga að þessu leyti skýrist einkum af því að reykingar fóru hér minnkandi strax á síðari hluta tíunda áratugarins. Minnkandi reykingar íslenskra unglinga á síðari árum fylgja hins vegar svipuðu mynstri og finna má á hinum Norðurlöndunum og að nokkru leyti í Evrópu almennt.

Áfengisneysla íslenskra unglunga

Áfengisneysla íslenskra unglunga er einnig með því minnsta sem gerist í Evrópu. Hlutfall íslenskra unglunga sem drukkið hafa áfengi síðustu þrjátíu daga er hins vegar svipað því sem fram hefur komið í rannsóknum á sama aldurshópi í Bandaríkjunum. Ólíkt Bandaríkjunum og flestum löndum Evrópu eru íslenskar stúlkur umtalsvert líklegri en strákar til að hafa drukkið áfengi á síðustu þrjátíu dögum. Tíðni unglingadrykkju lækkaði á Íslandi milli 2003 og 2007 líkt og gerðist í tæplega helmingi annarra Evrópulanda. Sé litið til lengri tíma virðist Ísland einkum skera sig úr hópi annarra Norðurlanda hvað varðar umtalsverða minnkun áfengisneyslu milli 1995 og 1999. Á síðari árum hefur minnkandi áfengisneysla íslenskra unglunga hins vegar fylgt svipuðu mynstri og meðal unglunga á flestum Norðurlöndum og að nokkru leyti meðal unglunga í öðrum Evrópulöndum. Aðrar mælingar á áfengisneyslu evrópskra unglunga er að finna í skýrslu ESPAD 2007 (Hibell o.fl., 2009).

Á myndum 7 og 8 má sjá að lægstu tíðni áfengisneyslu síðustu þrjátíu daga meðal 15–16 ára unglunga er að finna á Norðurlöndunum og í Armeníu. Lægst er tíðnin 31% á Íslandi, 35% í Armeníu og 42–48% í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Til samanburðar höfðu 33% bandarískra unglunga á sama aldri drukkið áfengi síðastliðna þrjátíu daga samkvæmt niðurstöðum *Monitoring the Future* rannsóknarinnar.


Danmörk og Austurríki eru hins vegar þau lönd í Evrópu þar sem unglingadrykkja er útbreiddust en árið 2007 höfðu 80% unglunga í þessum löndum drukkið áfengi síðustu 30 daga. Landfræðilegt mynstur áfengisdrykkju meðal unglunga er nokkuð skýrt, en háa tíðni er einkum að finna í hneppi samliggjandi landa frá Bretlandi í norðvestri til Slóveníu í suðaustri auk Balkanskagans og tveggja Eystrasaltsríkja.




Mynd 7
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu drukkið áfengi síðastliðna 30 daga, 2007

Nokkra athygli vekur að áfengisneysla unglunga er talsvert minni í ýmsum löndum í Suður-Evrópu þar sem menning einkennist af talsverðri léttvinsdrykkju, svo sem Portúgal, Spáni, Frakklandi, Ítalíu og Kýpur. Hins vegar eru Grikkland, Búlgaría og Malta í hópi þeirra landa þar sem áfengisneysla unglunga er hvað mest. Þetta mynstur skýrist þó að nokkru leyti af lægra hlutfalli stelpna sem drekka áfengi.

Í fimm Evrópulöndum eru strákar 10—26 prósentustigum líklegri en stelpur til að drekka áfengi og í fimm löndum til viðbótar er þessi munur á bilinu 6—9 prósentustig. Í tólf löndum er kynjamunur í tíðni áfengisneyslu eitt prósentustig eða minna. Í sex löndum drekka stelpur hins vegar oftast en strákar. Hér skera Ísland, Noregur og Svíþjóð sig úr hópi annarra Evrópulanda, en í þessum löndum er tíðni áfengisneyslu meðal stelpna 6—7 prósentustigum hærri en meðal stráka. Almennt virðist sem lönd þar sem unglingadrykkja er mest einkennist af litlum kynjamun í drykkju en strákar drekki talsvert sjaldnar en stelpur í löndum þar sem drykkjan er minnst.



Mynd 8
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu drukkið áfengi síðastliðna 30 daga, 2007



Mynd 9
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu drukkið áfengi síðastliðna 30 daga, 2003–2007

Mynd 9 sýnir breytingar á hlutfalli unglunga sem drukkið höfðu áfengi síðastliðna þrjátíu daga milli ára 2003 og 2007. Hlutfall ársins 2003 er sem fyrr sýnt á lárétta ás grafsins en hlutfall ársins 2007 á lóðrétta ásnum. Brotalínan skáhallt á milli ásanna sýnir því óbreytt hlutfall milli ára 2003 og 2007. Tíðni unglingadrykkju hefur því minnkað á milli umferða í þeim löndum sem eru neðan við brotalínuna en aukist í löndum ofan við brotalínuna. Lönd þar sem neyslan hefur minnkað umtalsvert eru auðkennd með grænum lit en lönd þar sem neyslan hefur aukist umtalsvert eru auðkennd með rauðum lit. Þau lönd þar sem breytingin er óveruleg eru sýnd með gulum lit.


Eins og sjá má á mynd 9 sker Ísland sig nokkuð frá öðrum löndum sem tóku þátt í bæði ESPAD 2003 og ESPAD 2007 hvað varðar lága tíðni áfengisneyslu síðustu þrjátíu daga. Hins vegar er breytingin milli þessara tveggja umferða rannsóknarinnar í prósentustigum svipuð á Íslandi og í þeim tæplega helmingi landanna þar sem áfengisneysla dróst saman. Í tæplega helmingi landanna varð lítil sem engin breyting en tíðni áfengisneyslu jókst aðeins að ráði í Portúgal, Frakklandi, Lettlandi og Slóveníu.

Sérstaða Íslands í þessum samanburði felst því einkum í því hve tíðni áfengisneyslu unglunga er hér lág en ekki í þeim breytingum sem verða milli ára. Þetta má sjá nánar á mynd 10 sem sýnir breytingar á hlutfalli íslenskra skólanemenda sem drukkið höfðu áfengi á síðustu 30 dögum á tímabilinu 1995–2008 í samanburði við hin Norðurlöndin og meðaltal Evrópu. Færeyjar eru ekki með í þessum samanburði þar sem mæling áfengisneyslu árið 2007 var ekki sambærileg.

Eins og sjá má af myndinni var tíðni áfengisneyslu íslenskra unglunga nálægt evrópsku meðaltali árið 1995 og jafnframt nálægt meðaltali Norðurlandanna. Milli 1995 og 1999 minnkaði tíðnin hins vegar úr 56% í 43% á meðan tíðnin jókst á hinum Norðurlöndunum og í Evrópu almennt. Árið 1999 breyttist tíðni áfengisneyslu á síðustu þrjátíu dögum meðal íslenskra unglunga frá því að vera einu prósentustigi undir meðaltali Evrópu í að vera átján prósentustigum undir því meðaltali og var Ísland þá orðið lægst Norðurlandanna að þessu leyti.

Á tímabilinu 1999–2007 varð hins vegar mjög svipuð breyting á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þannig dróst tíðnin saman um tólf prósentustig á Íslandi og í Svíþjóð en um þrettán prósentustig í Noregi og Finnlandi á þessu átta ára tímabili. Í Danmörku kann tíðnin að hafa dregist saman um fimm prósentustig en vegna aðferðafræðilegra vandamála er sá samanburður nokkuð óviss. Samdrátturinn í Evrópu á sama tímabili var að meðaltali tvö prósentustig.

Af þessu má vera ljóst að sérstaða Íslands hvað varðar tíðni áfengisneyslu unglunga á síðustu þrjátíu dögum skapaðist á tímabilinu milli 1995 og 1999. Á þeim fjórum árum lækkaði tíðnin umtalsvert á Íslandi á meðan unglingar annars staðar drukku að meðaltali oftar. Frá 1999 hefur áfengisneysla íslenskra unglunga haldið áfram að lækka jafnt og þétt með svipuðum hætti og á flestum hinna Norðurlandanna.




Mynd 10
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára nemenda á Norðurlöndunum
sem höfðu drukkið áfengi síðastliðna 30 daga, 1995–2007

Kannabisneysla íslenskra unglunga


Kannabisneysla íslenskra unglunga er talsvert undir meðaltali Evrópu. Ólíkt Bandaríkjunum og flestum löndum Evrópu er óverulegur munur á hlutfalli stráka og stelpna á Íslandi sem prófað hafa kannabisefni. Hlutfall unglunga á Íslandi sem prófað höfðu kannabisefni hækkaði umtalsvert frá 1995 til 1999 líkt og víðast hvar annars staðar í Evrópu. Frá 1999 hefur hins vegar dregið jafnt og þétt úr slíkri neyslu og var hlutfallið árið 2007 orðið svipað því sem verið hafði árið 1995. Þróun mála á Íslandi á þessu tímabili hefur verið mjög áþekkt því sem verið hefur í Noregi. Aðrar mælingar á neyslu evrópskra unglunga á kannabisefnum og öðrum ólöglegum vímuefnum er að finna í skýrslu ESPAD 2007 (Hibell o.fl., 2009).

Á myndum 11 og 12 má sjá að gríðarlegur munur er á útbreiðslu kannabis meðal unglunga í Evrópu. Þannig hafði til dæmis nærri helmingur unglunga í Tékklandi prófað hass eða önnur kannabisefni um ævina en 5% eða færri í Armeníu, Rúmeníu og Kýpur. Munurinn á hæsta og lægsta landi er hér fimmtánfaldur. Í sautján Evrópulöndum var tíðnin 20% eða hærri og yfir 10% í tíu löndum til viðbótar. Að meðaltali höfðu 17% unglunga í Evrópu prófað kannabisefni um ævina. Til samanburðar höfðu 31% bandarískra unglunga á sama aldri prófað kannabisefni samkvæmt niðurstöðum *Monitoring the Future* rannsóknarinnar.

Þau lönd sem lægsta höfðu tíðnina voru flest í útjaðri Evrópu og má þar nefna Norðurlöndin önnur en Danmörku, Portúgal, Möltu, Grikkland, Kýpur og Armeníu. Einnig var tíðnin undir 15% í Rúmeníu, Ungverjalandi og Úkraínu. Á Íslandi höfðu 9% unglunga prófað hass árið 2007 en lægri tíðni var að finna í átta löndum, þar á meðal 6% í Noregi og Færeyjum, 7% í Svíþjóð og 8% í Finnlandi. Í Danmörku var tíðnin hins vegar 25%.



Mynd 11
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu prófað kannabisefni um ævina, 2007




Mynd 12
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu prófað kannabisefni um ævina, 2007

Í velflestum löndum Evrópu eru strákar mun líklegri en stelpur til að hafa prófað kannabisefni um ævina. Í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Rússlandi, Úkraínu og Póllandi auk Danmerkur og Sviss munar þar 11—14 prósentustigum. Í átján löndum til viðbótar munar 3—9 prósentustigum á hlutfalli stelpna og stráka sem prófað höfðu slík efni. Mónakó er eina landið þar sem stelpur eru umtalsvert líklegri en strákar til að hafa prófað kannabisefni og munar þar 4 prósentustigum.


Í níu löndum er munurinn tvö prósentustig eða minna. Í þeim hópi eru flest Norðurlöndin — Ísland, Færeyjar, Finnland, Svíþjóð og Noregur. Til samanburðar munar hins vegar tólf prósentustigum á strákum og stelpum sem prófað höfðu hass í Danmörku. Þá er tveggja prósentustiga munur á hlutfalli stráka og stelpna sem prófað höfðu kannabisefni á Spáni, Bretlandi og Mön.

Mynd 13 sýnir breytingar á hlutfalli unglunga sem prófað höfðu hass um ævina milli ára 2003 og 2007. Hlutfall ársins 2003 er sem fyrr sýnt á lárétta ás grafsins en hlutfall ársins 2007 á lóðrétta ásnum. Brotalínan skáhallt á milli ásanna sýnir því óbreytt hlutfall milli ára 2003 og 2007. Neysla kannabisefna hefur minnkað á milli umferða í þeim löndum sem eru neðan við brotalínuna en aukist í löndum ofan við brotalínuna. Lönd þar sem neyslan hefur minnkað umtalsvert eru auðkennd með grænum lit en lönd þar sem neyslan hefði aukist umtalsvert eru auðkennd með rauðum lit. Þau lönd þar sem breytingin er óveruleg eru sýnd með gulum lit.

Á myndinni má sjá að óveruleg breyting varð á kannabisneyslu unglunga í um helmingi Evrópulanda á tímabilinu 2003—2007 en neyslan jókst umtalsvert í Litháen, Slóvakíu og Moskvu. Í tæplega helmingi landanna minnkaði kannabisneysla umtalsvert, þar á meðal á Íslandi. Ekki verður þó séð að Ísland skeri sig sérstaklega úr hópi annarra landa, heldur er breytingin á milli þessara tveggja kannana nálægt meðalbreytingu í Evrópu.



Mynd 13
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára nemenda í Evrópu
sem höfðu prófað kannabisefni um ævina, 2003–2007



Mynd 14
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára nemenda á Norðurlöndunum
sem höfðu prófað kannabisefni um ævina, 1995–2007

Af mynd 14 má sjá breytingar frá 1995 til 2007 á hlutfalli íslenskra skólanema á aldrinum 15–16 ára sem höfðu prófað kannabisefni um ævina. Andstætt þeim breytingum sem urðu á tóbaksreykingum og áfengisneyslu má sjá að á tímabilinu 1995–1999 hækkaði þetta hlutfall meðal íslenskra unglunga úr 10% í 15% sem er sambærilegt við hækkun meðaltals í Evrópu úr 12% í 17%. Svipaða sögu er að segja frá Finnlandi þar sem hlutfallið hækkaði úr 5% í 10%, Noregi þar sem hlutfallið hækkaði úr 6% í 12%, Svíþjóð þar sem það hækkaði úr 6% í 8% og Danmörku þar sem hlutfallið hækkaði úr 17% í 24% milli 1995 og 1999. Í Færeyjum lækkaði hlutfallið hins vegar úr 11% í 7% á þessu tímabili.

Talsvert mismunandi er eftir löndum hvernig þessi þróun var næstu átta árin frá 1999 til 2007. Að meðaltali hækkaði hlutfallið í Evrópu úr 16% árið 1999 í 20% árið 2003 en lækkaði síðan aftur í 16% árið 2007. Í Svíþjóð stóð hlutfallið nánast í stað í kringum 7% á þessu átta ára tímabili en hlutfallið lækkaði lítillega úr 10% í 8% í Finnlandi. Hlutfallið í Færeyjum flókti hins vegar úr 7% árið 1999 í 9% árið 2003 og 6% árið 2007.

Á tímabilinu 1995–2007 breyttist hlutfall nemenda á Íslandi og í Noregi sem prófað höfðu kannabisefni með mjög svipuðum hætti. Þannig hækkaði hlutfallið á Íslandi úr 10% í 15% milli 1995 og 1999 eða um fimm prósentustig. Á sama tíma hækkaði hlutfallið í Noregi úr 6% í 12% eða um sex prósentustig. Frá 1999 til 2007 lækkaði hlutfallið úr 15% í 9% á Íslandi og úr 12% í 6% í Noregi eða um sex prósentustig í báðum löndum. Í þessum tveimur löndum var hlutfall þeirra unglunga sem prófað höfðu kannabisefni því orðið svipað árið 2007 og verið hafði árið 1995 áður en aukningin hófst.

Kannabisefni eru langalgengustu ólöglegu vímuefnin meðal unglunga í Evrópu. Árið 2007 höfðu 4% íslenskra unglunga prófað önnur ólögleg vímuefni sem er jafnframt meðaltal evrópskra unglunga. Nánar er fjallað um önnur ólögleg vímuefni í skýrslu ESPAD 2007 (Hibell et al., 2009).


Breytingar á áfengisneyslu unglunga í samanburði við áfengisneyslu fullorðinna

Áfengisneysla unglunga ræðst að stórum hluta af áfengisneysla þjóðarinnar í heild. Engu að síður hefur áfengisneysla íslenskra unglunga farið jafnt og þétt minnkandi þótt áfengisneysla hafi aukist talsvert á Íslandi á síðustu fimmtán árum. Þessi þversögn skýrist af þeirri staðreynd að áfengisneysla hér á landi er engu að síður með því lægsta sem gerist í Evrópu. Áfengisneysla unglunga var óeðlilega mikil í samanburði við áfengisneyslu fullorðinna en nú er svipað samræmi þar á milli á Íslandi og í flestum öðrum Evrópulöndum.


Árið 1980 samsvaraði áfengisneysla Íslendinga 4,3 lítrum af hreinu alkóhóli á hvern íbúa landsins 15 ára og eldri og breyttist neyslan lítið á næstu árum. Eins og sjá má á mynd 15 tók neyslan hins vegar stökk um heilan lítra af hreinu alkóhóli með lögleiðingu bjórsins árið 1989 og jókst neyslan úr 4,5 lítrum árið 1988 í 5,5 lítra árið 1989. Þegar nýjabrumið fór af bjórnum dró þó jafnt og þétt úr áfengisneyslunni og árið 1993 var hún komin aftur niður í sömu tölu og árið fyrir lögleiðingu bjórsins, 4,5 lítra á hvern íbúa landsins 15 ára og eldri.

Frá árinu 1993 hefur áfengisneysla hins vegar aukist jafnt og þétt á Íslandi. Árið 1995 þegar ESPAD rannsóknin hófst var neyslan að meðaltali 4,8 lítrar, þegar önnur umferð hennar fór fram árið 1999 var neyslan 5,9 lítrar og árið 2003 þegar þriðja umferð ESPAD fór fram var neyslan 6,5 lítrar. Árið 2007 fór fram fjórða umferð ESPAD rannsóknarinnar og var áfengisneysla á Íslandi þá komin í 7,5 lítra af hreinu alkóhóli á hvern íbúa 15 ára og eldri. Á þessum tólf árum hafði áfengisneysla Íslendinga því aukist um 2,8 lítra af hreinu alkóhóli eða um 58%.

Það vekur nokkra athygli að mjög hefur dregið úr tíðni áfengisneyslu meðal 15—16 ára unglunga á sama tíma og áfengisneysla landsmanna hefur aukist hröðum skrefum. Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að neysla á bjór og léttvínunum hefur einnig aukist mjög á kostnað sterkara áfengis meðal landsmanna og bjór er nú uppistaðan í áfengisneyslu unglunga hér á landi líkt og annars staðar í Evrópu (Hibell o.fl., 2009).



Mynd 15
Lítrar af hreinu alkóhóli á hvern íbúa Íslands 15 ára og eldri, 1980–2007



Mynd 16 Lítrar af hreinu alkóhóli á hvern íbúa Evrópulanda 15 ára og eldri, 2003

Þar sem íslenskir unglingar drekka sjaldnar áfengi en jafnaldrar þeirra annars staðar í Evrópu er rétt að huga að áfengisneyslu íslensku þjóðarinnar í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir. Á mynd 16 má sjá meðalneyslu áfengis á hvern íbúa 15 ára og eldri í ýmsum Evrópulöndum árið 2003, en það eru nýjustu gögn sem aðgengileg eru fyrir þennan hóp landa. Eins og sjá má á myndinni er áfengisneysla Íslendinga enn mjög lág í evrópskum samanburði, þrátt fyrir aukningu síðustu ára. Árið 2003 voru Íslendingar í næstneðsta sæti á undan Norðmönnum þar sem meðalneyslan var 6,0 lítrar.

Ekki eru til samanburðargögn fyrir breytingar á áfengisneyslu í Evrópu á allra síðustu árum. Samanburður á áfengisneyslu á Norðurlöndunum leiðir hins vegar í ljós að árið 2006 hafði áfengisneysla aukist í 7,2 lítra á Íslandi, í 6,5 lítra í Noregi og 10,1 lítra í Finnlandi. Áfengisneysla í Danmörku hafði hins vegar minnkað í 12,0 lítra og 6,8 lítra í Svíþjóð (OECD, 2009). Nokkuð hefur því dregið saman með Norðurlandþjóðunum að þessu leyti á allra síðustu árum.

Þrátt fyrir umtalsverða aukningu á síðustu fimm títán árum er áfengisneysla Íslendinga ennþá með því lægsta sem gerist í Evrópu. Í því ljósi má teljast eðlilegt að tíðni áfengisneyslu meðal íslenskra unglunga sé einnig með því lægsta sem gerist í Evrópu. Með öðrum orðum virðist sem árið 1995 hafi áfengisneysla íslenskra unglunga verið óeðlilega mikil í samanburði við áfengisneyslu landsmanna í heild. Það ár var áfengisneysla í Evrópu lægst á Íslandi og í Noregi, 4,8 lítrar á íbúa 15 ára og eldri í báðum löndunum. Samkvæmt niðurstöðum ESPAD 1995 var tíðni áfengisneyslu meðal íslenskra unglunga það ár hins vegar rétt um meðaltal Evrópu en norskir unglingar drukku næstsjaldnast evrópskra unglunga.


Hér er rétt að gæta þess að samanburðurinn hér að ofan byggist annars vegar á magni áfengis sem neytt er í hverju landi og hins vegar tíðni áfengisneyslu meðal unglunga. Ástæða þessa misræmis er einfaldlega sú að hvorki eru til áreiðanleg langtímagögn um tíðni áfengis-

neyslu Evrópuþjóða né magn áfengisneyslu unglunga á þessu tímabili. Þær mælingar á magni áfengisneyslu sem notaðar voru í ESPAD rannsóknunum 1995—2003 voru ekki fyllilega áreiðanlegar til samanburðar milli landa. Því var þróuð ný aðferð við mat á áfengsmagni sem unglingar drekka í hvert skipti sem þeir neyta áfengis og var henni beitt í fyrsta skipti árið 2007 (sjá nánar Hibell o.fl., 2009).

Eins og við er að búast var neysla unglunga mun minni en fullorðinna og er heildarneysla meðalunglings á ársgrundvelli á bilinu 3—6% af meðalneyslu íbúa landsins 15 ára og eldri. Á Íslandi var meðalneysla unglunga rúmlega 0,2 lítrar af hreinu alkóhóli árið 2007 sem var 3% af meðalneyslu þjóðarinnar. Hlutfallsleg neysla íslenskra unglunga á áfengi er því í svipuðu samræmi við neyslu þjóðarinnar og víðast hvar annars staðar í Evrópu.

Á mynd 17 má sjá áætlaða meðalneyslu evrópskra unglunga á áfengi umreiknaða í lítra af hreinu alkóhóli í samanburði við opinberar tölur um meðalneyslu hvernar þjóðar á hreinu alkóhóli. Eins og sjá má er almennt mjög gott samræmi milli áfengisneyslu unglunga hvernar þjóðar og þjóðarinnar í heild. Að meðaltali eykst áfengisneysla unglunga um 0,7 sentilítra af hreinu alkóhóli fyrir hverja 100 sentilítra sem fullorðnir neyta og skýra má 23% af neyslu unglunganna með tilvísan til neyslu fullorðinna.

Hins vegar má einnig sjá á myndinni að nokkur lönd virðast ekki fylgja þessu mynstri. Í Frakklandi, Ungverjalandi, Tékklandi og að einhverju leyti í Sviss er áfengisneysla unglunga mun minni en gera hefði mátt ráð fyrir með hliðsjón af áfengisneyslu fullorðinna. Ekki er fyllilega ljóst hvaða menningarlegu og félagslegu þættir geti skýrt góðan árangur þessara þjóða í því að halda áfengi frá unglingum. Séu þessi fjögur lönd undanskilin er sambandið milli áfengisneyslu unglunga og fullorðinna hins vegar mun sterkara. Fyrir hverja 100 sentilítra sem fullorðir drekka í hinum löndunum eykst áfengisneysla unglunganna um 1,6 sentilítra og samsvarar það því að áfengisneysla fullorðinna skýri 78% af því magni sem unglingar í einstökum löndum drekka að meðaltali á ári.




Mynd 17
Meðaláfengisneysla unglunga í samanburði við þjóðir í heild

Skýringar á minnkandi vímuefnaneyslu unglunga

Minnkandi neysla íslenskra unglunga á áfengi og öðrum ávana- og vímuefnum hefur vakið töluverða athygli hér á landi á síðustu árum. Þessi breyting hefur sérstaklega verið þökkuð öflugum forvarnastarfi og hafa ýmsir talið sérstöðu Íslands vera slíka að aðrar þjóðir gætu margt af henni lært (Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2008). Þannig ferðaðist forseti Íslands til dæmis um Evrópu allt frá Ístanbúl til Pétursborgar á vegum lyfjafyrirtækisins Actavis til að kynna árangur Íslendinga í forvarnamálum, svonefnda „Útrás íslenskra rannsókna og forvarna“ (Forsetaembættið, 2007a, 2007b, Morgunblaðið 2007, 2009). Forseti Íslands er jafnframt verndari verkefnisins *Youth in Europe* sem stofnað var til með tilstyrk Actavis í því skyni að flytja árangur Reykjavíkurborgar út til annarra Evrópuborga (Actavis, 2009; Forsetaembættið, 2007b; Youth in Europe, 2009). Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar benda þó til þess að ástæða sé til þess að sýna ákveðna hógværd í umræðum um minnkandi vímuefnaneyslu íslenskra unglunga.

Árangur Íslendinga í forvörnum hefur vissulega verið allnokkur á undanförunum árum en hann virðist fyrst og fremst felast í því að vímuefnaneysla íslenskra unglunga er nú orðin í betra samræmi við vímuefnaneyslu þeirra sem eldri eru. Áfengisneysla Íslendinga er með því lægsta sem gerist í Evrópu og nú er svo komið að áfengisneysla unglunga er einnig sú lægsta í Evrópu. Með svipuðum hætti er góður árangur Íslendinga hvað varðar reykingar unglunga í samræmi við að hlutfall Íslendinga sem reykja daglega er því lægsta sem gerist í Evrópu (OECD, 2009). Með öðrum orðum virðist sem árið 1995 hafi áfengis- og tóbaksneysla íslenskra unglunga verið óeðlilega mikil í samanburði við slíka neyslu fullorðinna en tekist hafi að leiðrétta það misræmi. Hugsanlega getur reynsla Íslendinga nýst forvarnastarfi í löndum þar sem svipaðs misræmis gætir en ekki er ljóst hvort Ísland geti þar með almennt talist fyrirmynd annarra Evrópulanda í forvörnum.


Erfitt er að átta sig nákvæmlega á stöðu ólöglegra vímuefna á Íslandi í samanburði við önnur lönd enda eru ekki gerðar áreiðanlegar samanburðarrannsóknir á vímuefnaneyslu fullorð-



Mynd 18
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára nemenda
á Íslandi sem hafa drukkið áfengi sl. 30 daga, 2007

inna. Í ýmsum könnunum sem gerðar voru meðal 16—64 ára íbúa 24 Evrópulanda á árunum 2001—2007 hafði að meðaltali 17% aðspurðra einhvern tímann notað kannabis (EMCDDA, 2009). Hæst var þetta hlutfall 37% í Danmörku, en 12—16% í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Árið 2003 sögðust 25% úrtaks Íslendinga á aldrinum 16—75 ára einhvern tímann hafa prófað hass eða marijúana. (IMG Gallup, 2003). Af þessum tölum má ráða að reynsla Íslendinga af kannabis sé talsvert yfir meðaltali Evrópu og í því ljósi gæti talist viðunandi árangur að íslenskir unglingar séu vel undir meðaltali evrópskra jafnaldra sinna. Hins vegar er hlutfall fullorðinna sem notað hafa kannabisefni nokkuð varasamur mælikvarði á útbreiðslu þeirra á tilteknum tíma. Þannig höfðu til dæmis 81% þeirra sem einhvern tímann höfðu notað kannabisefni árið 2003 ekki gert slíkt síðastliðna tólf mánuði. Frekari rannsóknar er því þörf til þess að skera úr um það hvort kannabisneysla íslenskra unglinga sé minni en regluleg kannabisneysla fullorðinna gefur tilefni til að ætla.

Erfitt er að sanna með óyggjandi hætti hvaða þættir leiddu til þess að neysla íslenskra unglinga á áfengi og öðrum ávana- og vímuefnum dróst svo mjög saman á árunum 1995—2007 sem raun ber vitni. Þó virðist líklegt að hér hafi gegnt lykilhlutverki hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár árið 1998 (Alþingi, 1997) og sú hugarfarsbreyting sem fylgdi í kjölfarið varðandi ábyrgð foreldra á velferð barna sinna. Þessi lagabreyting var í samræmi við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1992 (Barnasáttmálinn, 2009). Í kjölfarið varð mikil breyting á tengslum foreldra við grunn- og framhaldsskóla og forvarnarstarf beindist í æ ríkari mæli að virkri þátttöku foreldra, auknu samráði milli foreldra um ásættanlega hegðun unglinga, útrýmingu eftirlitslausra unglingasamkvæma og almennu samkomulagi um að unglingadrykkja væri ekki ásættanleg. Eins og sjá má á mynd 18 minnkaði áfengisneysla íslenskra unglinga um þrettán prósentustig milli 1995 og 1999 og hefur upp frá því minnkað um sex prósentustig á hverjum fjórum árum.




Mynd 19
Breytingar á því hvort 15–16 ára nemendur á Íslandi
eigi auðvelt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum, 1995–2007

Eins og sjá má á mynd 19 hafa litlar breytingar orðið á tilfinningalegum tengslum milli íslenskra unglinga og foreldra þeirra frá því árið 1995. Það ár sögðust 52% nemenda í 10. bekk að þeir ættu nær alltaf auðvelt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Tólf árum síðar svöruðu 59% nemenda í 10. bekk á sömu leið. Á hinn bóginn sögðust tæp 3% eiga mjög erfitt með slíkt árið 1995 en tæp 4% árið 2007. Því virðast breytingar á sjálfræðisaldri barna ekki hafa haft nein þau áhrif á tilfinningaleg tengsl við foreldra sem skýrt gætu minnkandi vímuefnaneyslu á þessu tímabili.

Hins vegar má sjá á mynd 20 hvernig eftirlit foreldra með börnum sínum gjörbreyttist milli 1995 og 1999. Árið 1995 töldu 15% nemenda í 10. bekk að foreldrar þeirra vissu nær alltaf með hverjum þeir væru á kvöldin en árið 1999 voru 52% árgangsins á þeirri skoðun. Að sama skapi lækkaði hlutfall þeirra sem sögðu foreldra sína nær aldrei vita með hverjum þeir væru á kvöldin úr 25% árið 1995 í 4% árið 1999. Sérstaka athygli vekur að litlar breytingar urðu á þessum hlutföllum á næstu átta árum eftir það. Árið 2007 voru enn 4% nemenda þeirrar skoðunar að foreldrar þeirra vissu nær aldrei með hverjum þeir væru á kvöldin en hlutfall þeirra sem töldu foreldra sína nær alltaf hafa vitneskju um það lækkaði lítillega úr 52% árið 1995 í 45% árið 2007.

Rannsóknir hafa sýnt að sterk tilfinningaleg tengsl og eftirlit foreldra með börnum sínum spá fyrir um áfengisneyslu íslenskra unglinga (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2005). Þótt litlar breytingar hafi orðið á tilfinningatengslum íslenskra unglinga við foreldra sína virðist nokkuð ljóst að gjörbreyting hefur orðið á eftirliti foreldra með íslenskum unglingum frá árinu 1995. Þótt varlega verði að fara við að yfirfæra niðurstöður um einstaklingsmun yfir á breytingar milli kynslóða gefa þessar niðurstöður mjög sterka vísbendingu um að minnkandi vímuefnaneyslu íslenskra unglinga megi að verulegu leyti þakka auknu foreldraeftirliti í kjölfar lögræðislaganna sem tóku gildi árið 1998.




Mynd 20
Breytingar á því hvort foreldrar 15–16 ára nemenda á Íslandi
viti með hverjum unglingarnir eru á kvöldin, 1995–2007

Í samanburðarrannsókn á vímuefnaneyslu íslenskra unglunga og jafnaldra þeirra á Írlandi og Bretlandi árið 1995 kom fram að þótt lítill munur væri á tilfinningalegum tengslum foreldra og barna í þessum þremur löndum höfðu foreldrar á Íslandi mun minna eftirlit með börnum sínum (Þóroddur Bjarnason, 2000). Aukið foreldraeftirlit spáði fyrir um minni líkur á reykingum, áfengisneyslu og notkun kannabisefna í öllum löndunum.

Mynd 21 sýnir hlutfall 15–16 ára nemenda í mismunandi löndum sem telja foreldra sína nær alltaf vita með hverjum þeir eru á kvöldin. Minnst reyndist foreldraeftirlitið vera í Eistlandi þar sem 31% nemenda töldu slíkt nær alltaf eiga við, en mest í Armeníu þar sem hlutfallið var 66%. Á Íslandi töldu sem fyrr sagði 45% unglunga þetta nær alltaf eiga við, en meðaltal allra landanna var 49%. Því virðist vera sem eftirlit íslenskra foreldra með unglungum sé nú nálægt meðaltali í Evrópu.

Á myndinni má einnig sjá að árið 1995 töldu aðeins 15% íslenskra unglunga að foreldrar þeirra vissu nær alltaf með hverjum þeir væru á kvöldin. Það er helmingi lægra hlutfall en í Eistlandi sem mældist lægst árið 2003. Ekki eru til sambærilegar mælingar fyrir öll ESPAD löndin, en árið 1995 var þetta hlutfall 48% á Bretlandi og 42% á Írlandi (Þóroddur Bjarnason, 2000). Tiltölulega litlar breytingar virðast því hafa orðið á foreldraeftirliti í þessum tveimur löndum á þessu tólf ára tímabili á meðan mikil umskipti hafa orðið á Íslandi.

Þegar þessar margvíslegu vísbendingar eru dregnar saman virðist ljóst að foreldraeftirlit á Íslandi hafi verið mun minna en annars staðar í Evrópu árið 1995 en það hafi aukist til mikilla muna milli ára 1995 og 1999. Foreldraeftirlit á Íslandi er nú nálægt meðaltali Evrópu og um leið eru bæði reykingar og áfengisneysla íslenskra unglunga orðin í samræmi við hlutfallslega litla neyslu fullorðinna hér á landi. Líklegt má teljast að hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og breytt hugarfar foreldra gagnvart ávana- og vímuefnaneyslu unglunga hafi gegnt lykilhlutverki í þessum breytingum.




Mynd 21
Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu sem telja foreldra sína nær alltaf vita með hverjum þeir eru á kvöldin, 2007

Áfengisvandamál íslenskra unglunga

Sífelld fleiri íslenskir unglingar drekka hvorki áfengi né neyta annara ávana- og vímuefna. Hins vegar virðist sem þeir unglingar sem á annað borð drekka áfengi geri það oftar og drekki meira magn í hvert skipti (Þóroddur Bjarnason, 2006). Íslenskir unglingar eru nálægt evrópsku meðaltali hvað varðar það magn áfengis sem þeir drekka í hvert skipti, en þeir virðast lenda í fleiri og fjölbreytilegri vandamálum vegna áfengisneyslu sinnar en almennt gerist í Evrópu.

Á mynd 22 má sjá það magn áfengis sem unglingar í einstökum Evrópulöndum innbyrtu síðast þegar þeir drukku áfengi, umreiknað í sentílítra af hreinu alkóhóli. Danskir unglingar drukku mest í hvert skipti eða 7,5 sentílítra að meðaltali á meðan magnið var minnst 1,6 sentílítri í Armeníu. Á Íslandi var neyslan nálægt evrópsku meðaltali eða 4,1 sentílítri.




Mynd 22
Sentílítrar af hreinu alkóhóli sem 15–16 ára nemendur í Evrópu drukku síðast þegar þeir neyttu áfengis af einhverju tagi, 2007

Á mynd 23 má sjá íslenskir unglingar sem á annað borð drekka áfengi eru mun líklegri til að hafa lent í vandræðum vegna áfengisneyslu sinnar en almennt gerist í Evrópu. Þannig höfðu 28% lent í vandræðum við foreldra sína vegna áfengisneyslu samanborið við 17% að meðaltali meðal evrópskra unglinga sem drekka áfengi. Hugsanlegt er að þetta háa hlutfall skýrist að einhverju leyti af þeirri vakningu sem verið hefur meðal íslenskra foreldra varðandi unglingadrykkju og umrædd vandræði snúist um það að íslenskir foreldrar taki með ákveðnari hætti á áfengisneyslu barna sinna.

Hins vegar virðast áfengisvandamál íslenskra unglinga ekki bundin við samskipti þeirra við foreldra sína. Þeir eru einnig líklegri en jafnaldrar þeirra í Evrópu almennt til að lenda drukknir í vandræðum við vini sína, vera rændir, hafa samfarir án þess að nota smokk og til þess að sjá eftir samförum næsta dag, og á það jafnt við um stráka og stelpur. Íslenskir unglingar sem drekka áfengi eru enn fremur talsvert líklegri en jafnaldrar þeirra í Evrópu að jafnaði til þess að hafa orðið fyrir slysi eða meiðslum og lent á spítala eða slysadeild vegna áfengisneyslu sinnar. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að skráningu slysadeilda á ástandi drukkinna unglinga er afar áfátt og heyrir til undantekninga að þess sé getið í læknaáráttumslum þegar unglingar koma drukknir á slysadeild (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2007).


Á mynd 24 má loks sjá að íslenskir unglingar sem drekka áfengi lenda að jafnaði í fleiri tegundum vandamála vegna áfengisneyslu sinnar en jafnaldrar þeirra í Evrópu. Hér er byggt á þeim tíu flokkum vandamála sem fyrr er getið og meðalfjöldi tegunda vandamála reiknaður fyrir hvern ungling sem á annað borð drekkur áfengi. Meðalfjöldi vandamála-tegunda var 1,0 í Evrópu í heild en fæstar voru tegundirnar 0,5 í Portúgal og Þýskalandi. Íslenskir unglingar lenda hins vegar í flestum tegundum vandamála eða 1,6 að meðaltali.

Þótt færri íslenskir unglingar drekki en almennt tíðkast í Evrópu er því ljóst að áfengisneysla veldur þeim unglingum sem á annað borð drekka umtalsverðum vandamálum. Íslenskir



Mynd 23

Hlutfall 15–16 ára nemenda í Evrópu sem lent hafa í vandræðum vegna eigin áfengisneyslu sl. 12 mánuði árið 2007, aðeins þeir sem drekka



Mynd 24
Meðalfjöldi tegunda vandamála sem 15–16 ára nemendur í Evrópu
hafa lent í vegna sinnar eigin áfengisneyslu sl. 12 mánuði, 2007

unglingar drekka álíka mikið í hvert skipti sem þeir neyta áfengis og jafnaldrar þeirra í Evrópu að jafnaði en hlutfallslega fleiri unglingar hér á landi virðast lenda í vandræðum vegna áfengisneyslu sinnar.

Lokaorð

Niðurstöður ESPAD rannsóknarinnar 1995—2007 sýna að íslenskir unglingar hafa nokkra sérstöðu hvað neyslu ávana- og vímuefna varðar. Umtalsvert fleiri unglingar á Íslandi hafa engin slík efni notað um ævina en í nokkru öðru landi í Evrópu. Reykingar unglinga eru fátíðari á Íslandi en í nær öllum öðrum Evrópulöndum og hvergi drekka færri unglingar áfengi. Raunar virðast unglingar á Íslandi að þessu leyti draga meiri dóm af jafnöldrum sínum í Bandaríkjunum en á meginlandi Evrópu. Kannabisneysla íslenskra unglinga er jafnframt talsvert undir meðaltali Evrópu þótt sérstaða þeirra sé nokkru minni að því leyti.

Neysla íslenskra unglinga á ávana- og vímuefnum hefur dregist umtalsvert saman á undanförunum árum og má þakka öflugu forvarnarstarfi þann árangur. Hins vegar ber þess að gæta að neysla unglinga á slíkum efnum skýrist að verulegu leyti af neyslu þeirra sem eldri eru og Ísland er meðal þeirra landa þar sem minnst er reykt og drukkið. Árangur forvarnarstarfsins felst því einkum í því að tekist hefur að snúa ofan af óeðlilega mikilli vímuefnaneysla íslenskra unglinga. Svo virðist sem hækkun sjálfræðisaldurs árið 1998 og stóraukið foreldraeftirlit hafi átt stóran hlut í þeim árangri.

Þótt lítil og minnkandi vímuefnaneysla íslenskra unglinga séu góðar fréttir fyrir þá sem láta sig velferð þeirra varða er rétt að hafa í huga að þeir íslensku unglingar sem á annað borð neyta áfengis virðast lenda í fleiri og fjölbreyttari vandamálum en jafnaldrar þeirra annars staðar í Evrópu. Mikilvægt er að hugað verði nánar að vandamálum þessa hóps íslenskra unglinga í framtíðinni.

Heimildir

- Actavis. 2009. *Youth in Europe: Actavis Group sponsors a European project to combat drug abuse among young people*. http://www.actavis.com/en/media+center/CSR/youth_in_europe.htm, sótt 22. mars 2009.
- Alþingi. 1997. *Lögræðislag*, nr. 71 28. maí. <http://www.althingi.is/altext/121/s/1377.html>, sótt 22. mars 2009.
- Barnasáttmálinn. 2009. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna <http://www.barnasattmali.is/content/view/5/6/>, sótt 22. mars 2009.
- CAN. 2009. *Centralförbundet för alkohol- och narkotikaupplysning*. www.can.se, sótt 22. mars 2009.
- EMCDDA. 2009. *European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction*. <http://www.emcdda.europa.eu>, sótt 14. febrúar 2009.
- ESPAD. 2009a. *Evrópska vímuefnarannsóknin ESPAD*. www.espad.is, sótt 14. febrúar 2009.
- ESPAD. 2009b. *The European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs*. www.espad.org, sótt 14. febrúar 2009.
- Forsetaembættið. 2007a. *Útrás íslenskra rannsókna og forvarna styrkt af Actavis*. <http://www.forseti.is/media/files/05.10.27.Youth%20in%20Europe.pdf>, sótt 22. mars 2009.
- Forsetaembættið. 2007b. *Forseti Tyrklands*. <http://www.forseti.is/Forsida/Frettir/Ollfrettin/2270>, sótt 22. mars 2009.
- Hasbun, Julia. 2003. *School Surveys in the Inter-American Uniform Drug Use Data System*. Kafi í *Conducting School Surveys on Drug Abuse*. Vínarborg: United Nations Office on Drugs and Crime.
- Heilbrigðisráðuneytið. 2008. *Heilsustefna: Heilsa er allra hagur*. Reykjavík: Heilbrigðisráðuneytið.
- Hibell, Björn og Ulf Guttormsson. 2007. *The ESPAD 2007 Project Plan*. Stokkhólmur: Centralförbundet för alkohol och narkotikaupplysning.
- Hibell, Björn, Barbro Andersson, Salme Ahlstrom, Olga Balakireva, Þóroddur Bjarnason, Anna Kokkevi og Mark Morgan. 2000. *The 1999 ESPAD Report: Alcohol and Other Drug Use Among Students in 30 European Countries*. Stokkhólmur: Evrópuráðið og Centralförbundet för alkohol och narkotikaupplysning.
- Hibell, Björn, Barbro Andersson, Þóroddur Bjarnason, Anna Kokkevi, Mark Morgan og Anu Narusk. 1997. *Alcohol and Other Drug Use among Students in 23 European Countries*. Stokkhólmur: Evrópuráðið og Centralförbundet för alkohol och narkotikaupplysning.
- Hibell, Björn, Barbro Andersson, Þóroddur Bjarnason, Salme Ahlstrom, Olga Balakireva, Anna Kokkevi og Mark Morgan. 2004. *The ESPAD Report 2003: Alcohol and Other Drug Use Among Students in 35 European Countries*. Stokkhólmur: Evrópuráðið og Centralförbundet för alkohol och narkotikaupplysning.
- Hibell, Björn, Barbro Andersson, Salme Ahlstrom, Olga Balakireva, Þóroddur Bjarnason, Anna Kokkevi og Ludwig Kraus. 2009. *The ESPAD Report 2007: Alcohol and Other Drug Use Among Students in 35 European Countries*. Stokkhólmur: Evrópuráðið og Centralförbundet för alkohol och narkotikaupplysning.
- Hvitfeldt, Thomas og Siri Nyström. 2008. *Skolevers Drogvanor 2008*. Stockholm: Centralförbundet för alkohol- och narkotikaupplysning.
- IMG Gallup. 2003. *Kannabisneysla: Viðhorfsskönnun*. Reykjavík: IMG Gallup.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson, Þóroldur Þórlindsson og John P. Allegrante. 2008. Trends in prevalence of substance use among Icelandic adolescents, 1995–2006. *Substance Abuse Treatment, Prevention, and Policy*, 3(12).
- Johnston, Lloyd D, Frans Driessen og Anna Kokkevi A. 1994. *Surveying Student Drug Misuse: A Six-country Pilot Study*. Strasbourg: Council of Europe.
- Johnston, Lloyd D. 2003. *The Monitoring the Future Study*. Kafi í *Conducting School Surveys on Drug Abuse*. Vínarborg, Austurríki: United Nations Office on Drugs and Crime.
- Morgunblaðið. 2007. *Ólafur Ragnar Grímsson í viðræðum um baráttuna gegn fíkniefnum: Fundir í Ístanbul um evrópskt samstarf*. <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=1153052>.
- Morgunblaðið. 2009. *Nú sinnum í einkavélum*. http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/03/04/niu_sinnum_i_einkavelum/.
- Muscat, Richard, Þóroddur Bjarnason, Francois Beck og Patrick Peretti-Watel. 2007. *Risk Factors in Adolescent Drug Use: Evidence from School Surveys and Application in Policy*. Strasbourg: Council of Europe.
- OECD, 2009. *OECD Health Data 2008: Statistics and Indicators for 30 Countries*. http://www.oecd.org/document/30/0,3343,en_2649_34631_12968734_1_1_1_1,00.html, sótt 18. mars 2009.
- Pompidou Group. 2009. *Council of Europe Pompidou Group*. <http://www.coe.int/T/dg3/pompidou/>, sótt 14. febrúar 2009.
- Youth in Europe. (2009). *Youth in Europe Drug Prevention Programme*. <http://www.youthineurope.org/>, sótt 22. mars 2009.
- Þóroddur Bjarnason, Þóroldur Þórlindsson, Inga D. Sigfúsdóttir og Michael R. Welch. 2005. Familial and Religious Influences on Adolescent Alcohol Use: A Multi-Level Study of Students and School Communities. *Social Forces*, 84, 375–390.
- Þóroddur Bjarnason, Brynjólfur Mogensen, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, Jóhann Ásmundsson. 2007. Þáttur áfengis í komum unglinga á slysa- og bráðadeild Landspítala. *Læknablaðið*, 93, 181–185.
- Þóroddur Bjarnason. 1995. Administration mode bias in a school survey on alcohol, tobacco and illicit drug use. *Addiction*, 90, 555–559.
- Þóroddur Bjarnason. 2000. *Adolescent Substance Use: A Study in Durkheimian Sociology*. Notre Dame, IN: Doktorsritgerð, University of Notre Dame.
- Þóroddur Bjarnason. 2006. Polarization in alcohol consumption among Icelandic adolescents, 1995–2003. *Nordic Studies on Alcohol and Drugs*, 23, 51–58.